



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

<b>Málsheiti og nr.</b>	Frumvarp til laga um gagnaöflun um farsæld barna. MRN22090097.
<b>Ráðuneyti /verkefnisstjóri</b>	Mennta- og barnamálaráðuneyti / Helgi Eiríkur Eyjólfsson.
<b>Innleiðing EES-gerðar?</b>	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
<b>Dags.</b>	28. nóvember 2022.

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni

Ísland fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér eftir barnasáttmálinn) árið 1992 og var samningurinn lögfestur árið 2013, sbr. lög nr. 19/2013. Í almennum athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 5 frá 2003, um almennar aðgerðir við innleiðingu barnasáttmálans, kemur fram í umfjöllun um 2. gr. samningsins sú skylda aðildarríkja að bera kennsl á einstök börn og hóp barna og hvaða sérstöku aðgerðir þurfi að ráðast í til að tryggja þeim þau réttindi er kveðið er á um í samningnum. Í því samhengi leggur barnaréttarnefndin höfuðáherslu á víðtæka gagnasöfnun sem hægt er að greina niður á ákveðna hópa barna og málefni. Í lokaathugasemdum nefndarinnar til íslenskra stjórnvalda árið 2011 mæltist nefndin til þess að íslensk stjórnvöld hæfu söfnun tölfraeðigagna um lífsskilyrði barna með kerfisbundnum hætti. Slík gagnasöfnun væri, að mati nefndarinnar, forsenda þess að hægt væri að stuðla að jafnræði meðal barna á Íslandi sbr. umfjöllun um almenna athugasemd nr. 5 hér að ofan. Nefndin áréttaði þessi fyrri tilmæli einnig í kjölfar fyrirtöku íslenskra stjórnvalda í maí 2022. Beindi nefndin því til íslenskra stjórnvalda að tölfraeðigögnum um líðan og velferð barna væri safnað og þau væru sundurliðuð með tilliti til aldurs, kyns, fötlunar, staðsetningar, þjóðernisuppruna og félagslegrar stöðu. Þá mæltist nefndin til þess að gögnin væru aðgengileg öllum stjórnvöldum, félagasamtökum og hagaðilum. Enn fremur má nefna að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks leggur ríka áherslu á mikilvægi gagnaöflunar um réttindi fatlaðs fólks og eru fötluð börn einhver viðkvæmasti hópur barna til er.

Ýmis ákvæði um gagnaöflun og nýtingu gagna er að finna í íslenskri löggjöf. Í æskulýðslögum, nr. 70/2007, kemur m.a. fram í 12. gr. að ráðherra skuli stuðla að því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum. Ráðuneytið hefur stuðlað að því að framkvæmdar hafi farið æskulýðsrannsóknir samkvæmt fyrrgreindu ákvæði, en skort hefur á að gögn og afurðir rannsókna séu aðgengileg og opin öllum. Hvorki ráðuneytið, né aðrir aðilar, hafa geta gert tilkall til gagnanna og afurða þeirrar vinnu sem hefur verið unnin að fyrir tilstuðlan mennta- og barnamálaráðuneytisins. Því er tilefni til að stjórnvöld setji það sem skilyrði með lögum að slíkum gögnum, sem safnað er fyrir atbeina mennta- og barnamálaráðuneytisins, verði komið í opið aðgengi til að þau geti styrkt stefnumótun og vinnu með börnum og ungmennum. Er þar átt við að gögnin nýtist með beinum hætti hjá ríki, sveitarfélögum, sem og öðrum aðilum sem vinna að hagsmunum barna. Einnig verða þá gögn aðgengileg og opin til vísindarannsókna án nokkurra takmarkana eða stýringar þeirra sem afla þeirra. Með opnu aðgengi að gögnum, þar sem því er komið við, er verið að auka samfélagslegan ábata af þeirri opinberu fjárfestingu sem kostað er til. Einu takmarkanir á opnu aðgengi gagna lúta að persónuverndarsjónarmiðum.

Síðustu ár hefur orðið nokkuð mikil breyting innan Stjórnarráðsins hvað varðar áherslur á að stefnumótun byggist á gagnreyndum upplýsingum ásamt því að áherslan á málefni barna hefur

aukist umtalsvert. Er þar ekki síst horft til nýrrar löggjafar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021. Í 8. gr. laganna kemur m.a. fram að Barna- og fjölskyldustofa skuli safna og vinna úr almennum upplýsingum um farsæld barna með það að markmiði að stjórnvöld hafi yfirsýn yfir aðstæður barna og þjónustuþörf. Um er að ræða ópersónugreinanlegar upplýsingar. Enn fremur er lögð áhersla á að tryggja aðgengi að tölfraediupplýsingum um líðan og hagi barna á Íslandi í þingsályktun um Barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, nr. 28/151. Í aðgerð 8.1 er lagt til að stjórnvöld móti mælaborð um farsæld barna, þar sem tölfraedigögnum er safnað saman til að veita markvisst yfirlit yfir farsæld barna á Íslandi. Mælaborðið skuli aðgengilegt almenningi og opinberum aðilum. Til að hægt verði að uppfylla ofangreind atriði er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að hafa aðgengi að ríku safni tölfraedigagna til að nota í stefnumótun, eftirlit með stefnumótun og aðgerðum, forgangsröðun aðgerða o.s.frv.

## 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að tryggja lagaheimildir fyrir gagnaöflun um velsæld og farsæld (heilsu, líðan, menntun og velferð) barna á Íslandi. Er þar ekki síst átt við um hópa barna sem eru í viðkvæmri stöðu.

Uppruni gagna sem áformuð lagasetning mun ná til má skipta í tvo hluta. Í fyrsta lagi má nefna skráningargögn sem falla til víðs vegar í starfsemi með börnum og ungmennum. Dæmi um skráningargögn eru skráningargögn skóla (miðlæg nemendaskrá, niðurstöður námsmats, mæting/ástundun), skráningargögn vegna barnaverndar og gögn er falla til vegna farsældarlaga, gögn frá Þjóðskrá Íslands o.fl. Í öðru lagi má nefna gögn sem falla til vegna gagnaöflunar frá börnum og ungmennum sjálfum vegna spurningalistarannsókna þar sem gögnum er safnað nafnlaust frá börnum og ungmennunum, svo sem varðandi hlutlæg og huglæg atriði í þeirra lífi.

Til þess að tryggja aðgengi vegna gagnaöflunar þarf skýrari heimild í lögum fyrir öflun framangreindra gagna af hendi eða fyrir tilstuðlan sveitarfélaga og þeirra aðila sem vinna með börnum, þ.m.t. skólar. Er þar meðal annars átt við um fyrirlagnir spurningalista, þar sem gögnum um hagi og líðan barna er aflað milliliðalaust.

Enn fremur, líkt og komið var inn á hér að ofan, er úrlausnarefni löggjafarinnar að tryggja opið aðgengi að gagnasöfnum um líðan og hagi barna á Íslandi. Samhliða því að tryggja að umrædd gögn séu nýtt með markvissum hætti við stefnumótun, forgangsröðun verkefna, eftirlit með skyldum opinberra aðila og nýtist vísindasamfélaginu.

## 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Í gildandi lögum á málaefnasviði mennta- og barnamálaráðuneytis eru misjafnar og í sumum tilfellum takmarkaðar heimildir til gagnasöfnunar. Mikilvægt er að tryggja samræmi og að fullnægjandi heimildir séu til staðar í öllum tilfellum. Er þar m.a. horft til þess að tryggja að slík gagnasöfnun sé í fullu samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Meðal ákvæða sem eiga við er 12. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007, þar sem kemur m.a. fram að ráðherra skuli stuðla að því að fram fari reglubundnar æskulýðsrannsóknir sem lagðar verði til grundvallar stefnumótun í æskulýðsmálum. Mikill ávinningur er af því að renna skýrari stoðum undir gagnaöflun sem ætlað er að nýta til stefnumótunar, eftirfylgni og forgangsröðunar þvert á málaflokka. Einnig mætti nefna hér lög um leik-, grunn og framhaldsskóla, barnaverndarlög og lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Undanfarið hefur ríkari áhersla verið lögð á það innan Stjórnarráðsins að ákvarðanir sem tengjast forgangsröðun stjórnvalda, stefnumótun og eftirliti með aðgerðum séu byggðar m.a. á tölfraediupplýsingum. Sömu áherslur má finna í skýrslugjöf erlendra aðila. Í stjórnarsáttmála

ríkisstjórnar er m.a. lögð áhersla á að unnið verði að samræmdri úrvinnslu, geymslu og framsetningu opinberra gagna ásamt því að stuðla að opnari aðgangi almennings að gögnum.

Í nýsamþykktri stefnu um tómstunda- og félagsstarf til 2030 er lögð áhersla á að rannsóknir gegni lykilhlutverki við framþróun og nýsköpun. Þar skipti bæði reglubundnar og einstakar rannsóknir máli, rannsóknir sem skoða heildina og rannsóknir sem skoða valda hluta starfsins. Þar sem fé sem varið er til rannsókna er takmarkað er jafnframt mikilvægt að rannsóknargögn og niðurstöður nýtist sem flestum. Rannsóknir ná, eðli málsins samkvæmt, til fortíðar og nútíðar. Mikilvægt sé að styðja við slíka þróun eins og kostur er á grunni gagnreyndra aðferða. Helstu markmiðin á þessu sviði stefnunnar eru:

- Greiður aðgangur er að niðurstöðum rannsókna sem framkvæmdar eru með opinberu fé.
- Gagnreyndar aðferðir og rannsóknir, innlendar og erlendar, eru notaðar til framþróunar í starfinu.
- Rannsóknir sem tengjast tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna eru eflar.
- Kyngreindar tölur um þátttöku í skipulögðu starfi eru til staðar.

Í aðgerð 6.1 í vísinda og tæknistefnu 2020-2022 kemur fram að unnið verði að því að opna aðgang að opinberum gögnum háskóla, rannsóknarstofnana og gagna sem vera til með styrkjum úr opinberum samkeppnissjóðum á sviði rannsókna og nýsköpunar svo fremi sem að brjóti ekki í bága við sjónarmið persónuverndar og einkaréttar. Tekið verði tillit til sjónarmiða um að rannsóknargögn verði ekki gerð opinber fyrir en á ákveðnum tíma liðnum, til að gera vísindamönnum kleift að birta niðurstöður sínar fyrst. Greint verði hvaða hindranir séu í vegi fyrir opnum aðgangi og hvaða kostnaður felist í að opna aðgang.

Í aðgerð 8.1. í stefnu og aðgerðaáætlun um Barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kemur fram að þróa eigi mælaborð sem veita eigi víðtækt yfirlit yfir stöðu barna og liðan, sem og réttindi þeirra í íslensku samfélagi er aðgengilegt öllum. Einnig er lögð áhersla í aðgerðinni á að mælaborðið hafi markviss áhrif á stefnumótun og forgangsöröðun verkefna og fjármuna. Í aðgerðinni er einnig lögð áhersla á að forsenda þess að tryggja aukið jafnræði og markvissar aðgerðir í þágu barna, ekki síst hópa er standa höllum fæti, sé víðtækt gagnasafn yfir farsæld og réttindi barna hverju sinni. Aðgerðin fjallar einnig um mikilvægi þess að efla rannsóknir á liðan og högum barna og ungmenna til að forgangsöröðun og stefnumótun stjórnvalda verði studd raunprófaðri þekkingu með markvissum hætti.

Á málefna sviði 18 „Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál“, málaflokkur 18.4 um íþróttar og æskulýðsmál í gildandi fjármálaáætlun 2023-2027 kemur fram að fjölga þurfi iðkendum á nýjan leik í íþróttar og æskulýðsstarfi og jafna möguleika barna til að stunda skipulagt íþróttar og æskulýðsstarf óháð efnahag, aðstæðum og búsetu. Þá sé meginmarkmið stjórnvalda á sviði íþróttar og æskulýðsstarfs að auka gæði og styrkja faglega umgjörð um skipulagt íþróttar og æskulýðsstarf. Til að unnt sé að efla þátttöku ákveðinna hópa barna, framkvæma markvissar aðgerðir sem byggðar eru á tölfræðiupplýsingum og taka stefnumótandi ákvarðanir fyrir málaflokkinn er mikilvægt að tryggja betra aðgengi að upplýsingum um stöðu barna, sem er markmið lagsetningarinnar.

Á málefna sviði 22 „Önnur skólastig og stjórnsýsla menntamála“, málaflokkur 22.3 um stjórnsýslu mennta- og barnamála í gildandi fjármálaáætlun 2023-2027 kemur fram að efla eigi upplýsinga- og gagnakerfi. Ráðuneytið noti tölfræðileg gögn, m.a. til að upplýsa Alþingi og borgarana um stöðu mála, til að hafa eftirlit með starfsemi stofnana og sjóða, til að undirbyggja ákvarðanir og móta stefnu og til áætlunargerðar. Mikið magn upplýsinga er fyrirbyggjandi, bæði innan ráðuneytisins og í hinum ýmsu gagnasöfnum, og mikilvægt sé að gera þau aðgengilegri fyrir starfsmenn ráðuneytisins og almenning. Úrbætur beinist að bættu aðgengi að áreiðanlegum og tímanlegum gögnum. Í þessu felist tækifæri til að nýta betur

fyrirliggjandi gögn og bæta tölfraediupplýsingar sem gagnist ráðuneytinu, m.a. í stefnumótun. Markmið lagsetningarinnar samrýmist framangreindum atriðum þar sem ætlunin er að efla upplýsinga og gagnakerfi ráðuneytisins, þannig að aðgengi að gögnum um hag barna verði bætt og unnt að nýta þau til stefnumótunar, áætlanagerðar og úrbóta í málaflokknum.

Á málefna sviði 29 „Fjölskyldumál“, málaflokkur 29.4 um annan stuðning við einstaklinga, fjölskyldur og börn kemur fram að í stjórnarsáttmála sé lögð áhersla á að gera enn betur í þjónustu við börn og ungmenni. Með innleiðingu farsældarlaganna verði upplýsingum um stígskipta þjónustu safnað með markvissari hætti. Taka eigi upp skýrari mælikvarða en áður til að mæla aukinn snemmtækan stuðning. Áhersla á aukna gagnaöflun um stöðu barna í íslensku samfélagi, þar meðtalið með tilkomu mælaborðs um velferð barna, geri það að verkum að hægt sé að nota nákvæmari mælikvarða í stað fyrri mælikvarða sem fjölluðu með almennari hætti um stöðu heimila skv. Lífskjáranannsókn Hagstofu Íslands. Framangreind atriði ríma því vel við markmið með lagsetningunni.

## 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið stjórnvalda með áformuðu frumvarpi er að hafa aðgengi að gögnum er gefa skýra yfirsýn yfir stöðu barna, ekki síst barna sem tilheyra viðkvæmum hópum. Gögnin verði nýtt með markvissum hætti í stefnumótun og eftirfylgni með aðgerðum stjórnvalda. Eining er horft til þess að tryggja opið aðgengi að tölfraedigögnum og afurðum þeim tengdum, í þágu bættrar stefnumótunar, forgangsroðunar stjórnvalda og þjónustu í þágu barna og ungmenna.

Framangreind markmið koma einnig til móts við athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda, þar sem kallað hefur verið eftir markvissri gagnaöflun og opnu aðgengi að tölfraedigögnum um stöðu og hagi barna á Íslandi. Einnig hefur nefndin kallað eftir því að tölfraedigögn séu markvissit nýtt í stefnumótun í málaflokkum er varða börn og eins forgangsroðun fjármuna og verkefna.

## C. Leiðir

### 1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef áformað frumvarp um gagnaöflun nær ekki fram að ganga mun skorta á skýra lagaheimild til viðtækrar gagnasöfnunar um velferð og farsæld barna og opið aðgengi að gögnunum sem nýtast ríki, sveitarfélögum og fjölbreyttum aðilum við stefnumótun, forgangsroðun fjármuna og aðgerða. Ef frumvarpið nær ekki fram að ganga væri erfitt að tryggja að stefnumótun stjórnvalda í málaflokknum byggist á markvissri gagnasöfnun við alla ákvörðunartöku, stefnumótun og forgangsroðun er varðar málefni barna.

### 2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Önnur úrræði en lagasetning koma ekki til álita til að ná fram settum markmiðum. Það verður að vera til staðar skýr lagaheimild svo hægt sé að vinna og hagnýta gögnin með viðeigandi hætti af stjórnvöldum og öðrum aðilum. Slíkt er ekki síst mikilvægt til að tryggja persónuverndarsjónarmið.

### 3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Mælaborð um farsæld barna hefur verið í markvissri þróun síðustu ár og við undirbúning þess hafa vaknað spurningar um heimildir til gagnaöflunar, m.a. í tengslum við þær heimildir sem er að finna í löggjöf á málefna sviði mennta- og barnamálaráðuneytisins. Eftir kortlagningu á lagaumhverfinu er það mat ráðuneytisins að nauðsynlegt sé að sérstakur lagagrundvöllur verði lagður undir verkefnið. Heimildir til gagnaöflunar og þeir lagabálkar sem heyra undir ráðuneytið eru settir upp með afar misjöfnum hætti. Þar sem mælaborðið tekur með heildstæðum hætti til allra málaflokka ráðuneytisins er það mat ráðuneytisins að best fari á því að setja ný heildarlög um efnið. Samhliða þarf að gera breytingar á löggjöf á málefna sviði ráðuneytisins, þ.m.t. æskulýðslögum nr. 70/2007, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og lögum um leikskóla nr. 90/2008.

#### D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

**1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni**

Áformað er að útbúa lagafrumvarp sem formfestir heimildir stjórnvalda til að mæla og kanna líðan, velferð og farsæld barna á Íslandi. Að mati ráðuneytisins er rétt að skapa skýran lagaramma utan um þetta þýðingarmikla stefnumótunartæki og þau gögn sem verða til fyrir tilstuðlan gagnaöflunarinnar. Markmiðið með söfnun gagna um farsæld barna er að fá betri yfirsýn fyrir stjórnvöld og hagaðila yfir stöðu barna á Íslandi, en slíkt yfirlit mun nýtast öllum þeim sem koma að málefnum barna. Þannig er hægt að skerpa betur á forgangsroðun aðgerða og taka faglegri og hnitmiðari ákvarðanir með ráðstöfun fjármagns.

**2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott**

Fyrirhugað er að ráðherra mæli fyrir nýju lagafrumvarpi um gagnaöflun um farsæld barna ásamt því að gera viðeigandi breytingar á æskulýðslögum, nr. 70/2007, barnaverndarlögum, nr. 80/2002, lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla, nr. 90/2008, 91/2008 og 92/2008 og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021.]

#### E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

**1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Hugtökin farsæld og velferð barna koma sem slík inn á svið stjórnarskrár og alþjóðlegra skuldbindinga. Í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Ísland fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna, árið 1992 og var samningurinn lögfestur árið 2013, sbr. lög nr. 19/2013. Þá tengist gagnaöflunin einnig með skýrum hætti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Gætt verður að því að áformuð lagasetning samræmist ákvæðum stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga.

**2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei.

**3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Nei.

#### F. Samráð

**1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Helstu hagsmunaaðilar eru börn, ungmenni og allir þeir aðilar sem vinna með málefni barna og ungmenna. Gagnaöflun um farsæld barna mun nýtast öllum þeim aðilum sem vinna að málefnum barna enda veita gögnin víðtækt yfirlit yfir stöðu barna og líðan og getur þannig verið veigamikill þáttur í allri stefnumótun. Ríki, opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og fræðasamfélagið, svo einhver dæmi séu tekin, koma til með að geta nálgast þau gögn sem stjórnvöld afla í opnu aðgengi, eftir að búið er að vinna gögnin með tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

**2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Efni frumvarpsins kann að skarast við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta á borð við félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti og heilbrigðisráðuneytis. Gætt verður að því að frumvarpið verði unnið í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti eftir því sem tilefni er til.

**3. Samráð sem þegar farið fram**

Við meðferð þingsályktunartillögu þáverandi félags- og barnamálaráðherra um barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna voru samtals 84 umsagnabeiðnir sendar út til hagaðila þar sem sjö lykilaðilar skiluðu inn umsögnum sem m.a. fjölluðu um gagnaöflun um velferð og réttindi barna. Áður höfðu níu umsagnir borist stjórnvöldum árið 2020 í gegnum samráðsgátt um drög að stefnu um barnvænt Ísland og ári síðar bárust

ráðuneytinu fimm umsagnir í samráðsgátt um mælaborð um farsæld barna. Í þeim umsögnum komu fram skýr afstaða aðila um hvaða atriði stjórnvöld ættu að hafa í huga við gagnaöflun um farsæld barna. Þá hófst formleg vinna innan Stjórnarráðsins í október 2020 með formlegum stýrihópi um mælaborð um velferð barna. Stýrihópurinn fór af stað með opið samráðsferli varðandi gagnaöflun við börn og ungmenni í samstarfi við umboðsmann barna. Rætt var um hvaða gögnum mikilvægt væri að afla. Um 800 börn alls staðar að á landinu tóku þátt í samráðinu.

Ráðuneytið hefur jafnframt átt í góðum samskiptum við fjölda opinberra aðila og félagasamtaka við undirbúning þessa verkefnis m.a. UNICEF, Proskahjálp, Háskóla Íslands og umboðsmann barna.

#### 4. Fyrirhugað samráð

Lagt verður upp með áframhaldandi samtal við áður nefnda aðila ásamt því að áform um lagsetningu verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

### G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

#### 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Einungis er gert ráð fyrir óverulegum kostnaði gagnvart ríkissjóði.

### H. Næstu skref, innleiðing

#### 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Áformað er að birta drög að frumvarpi í samráðsgátt stjórnvalda í febrúar og stefnt er að því að leggja frumvarp fyrir Alþingi á vorþingi 153. löggjafarþings.

#### 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Eins og fram kemur í lið A hefur verkefnið verið í mótun í töluverðan tíma. Ljóst er að sveitarfélög munu einhver þurfa aðlögunartíma hvað varðar samræmingu á fyrirlögnum spurningakannana á meðal barna.

#### 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Tryggja viðtækt samstarf, þvert á Stjórnarráðið, sveitarfélög og hagaðila. Mikilvægt er að vinna samhliða að markvissri nýtingu gagnanna í stefnumótun, eftirfylgni, forgangsröðun fjármagns með réttindi og farsæld barna að leiðarljósi.

#### 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Markviss nýting gagnanna af hálfu stjórnvalda er besti mælikvarðinn á árangur löggjafarinnar.

#### 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Árangursmat felur í sér að ráðuneytið sjálft nýti gögnin sem verða til við stefnumótun og framkvæmd á mati verkefna og aðgerða ráðuneytisins sjálfs. Notendur gagnanna eru einnig aðrir opinberir aðilar, vísindafólk og aðrir aðilar. Áformað er að halda samráði áfram og er það besti mælikvarði á árangur með að gögnin nýtist sem best á flestum stöðum.

### I. Annað

### J. Fylgiskjöl

#### 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

#### 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum